



## FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

Fundur nr. 6 2013 – 2014

### Fundargerð

Mánudaginn 18. ágúst 2014 kl. 17:00 var haldinn fundur í framkvæmdaráði SSA.  
Fundarstaður: Bæjarskrifstofur Fjarðabyggðar, Reyðarfirði

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Gauti Jóhannesson.  
Þá sat fundinn Árný Jóna Þórðardóttir, framkvæmdarstjóri Austurbrúar, Ólafur Áki Ragnarsson fulltrúi sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú, sem ritaði fundargerð.

Arnbjörg Sveinsdóttir, stjórnaði fundi og bauð fundarmenn velkomna og sérstaklega bauð hún velkominn Sigurð Inga Jóhannsson umhverfis- og auðlindaráðherra sem sat fundinn ásamt þremur starfsmönnum úr ráðuneyti umhverfismála.

Á fundinum var farið yfir málefni sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Þá var farið í gegnum samþykktir aðalfundar SSA frá 2013 s.s. refa- og minkaveiðar, stjórn hreindýraveiða, sjávarútvegsmál, sóknaráætlun, fráveitumál, lífrænan úrgang, stuðning við uppbyggingu á friðlýstum svæðum, fjárfestingaverkefni á Austurlandi, sérstakan stuðning við jaðarbyggðir á starfssvæði SSA, fjölgun starfa á vegum ríkisins á Austurlandi og nytjaskógrækt.

Fundi slitið kl. 18:00

Ólafur Áki Ragnarsson,